

Góðan daginn.

Eftirfarandi er bókun bæjarráðs Vestmannaeyja frá fundi ráðsins þann 19. mars sl., sem staðfest var í bæjarstjórn þann 28. mars sl. Bókun var send fjármálaráðherra og þingmönnum kjördæmisins vegna áforma fjármálaráðherra og ríkisstjórnarinnar um að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Er bókunin hér með ítrekuð.

Bæjarráð fjallaði um bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 15. mars sl., vegna áforma fjármálaráðherra og ríkisstjórnarinnar um að skerða tekjur jöfnunarsjóðs. Kemur m.a. fram í umræddri bókun að stjórnin mótmæli harðlega fyrirætlun fjármála- og efnahagsráðherra um að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 3,3 ma.kr.(innsk. 2,8 ma.kr.) á næstu tveimur árum, ekkert samráð hafi verið að sambandið og þess krafist að boðuð áform gagnvart sveitarfélögum verði dregin til baka. Jafnframt fjallaði bæjarráð um minnisblað sem Sambandið tók saman með skýringum á fyrirhugaðri skerðingu og mati á áhrifum hennar á einstök sveitarfélög. Kemur m.a. fram að tekjutap Vestmannaeyjabæjar fyrir 2020 og 2021 vegna útgjaldajöfnunar og fasteignaskatts nemi um 80 m.kr. og framlög til málefna fatlaðra lækki um 2,5 m.kr.

Niðurstaða bæjarráðs

Bæjarráð Vestmannaeyja mótmælir harðlega þeim áformum fjármálaráðherra og ríkisstjórnar að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um a.m.k. 2,8 milljarða á árunum 2020 og 2021. Skerðingin kemur harðast niður á útgjaldajöfnunarframlögum, en þau renna einkum til sveitarfélaga á landsbyggðinni sem hafa mörg hver veikan fjárhag. Skerðingin kemur einnig niður á framlögum til þjónustu við fatlað fólk og getur falið í sér að dregið verði úr þeirri þjónustu. Áætlað tekjutap sveitarfélaga á Suðurlandi af framlögum til útgjaldajöfnunar og vegna fasteignaskatts er tæpar 505 m.kr. og vegna málefna fatlaðra 29 m.kr. Framlög til málefna fatlaðra hafa ekki staðið undir rekstrarkostnaði og bætir þetta ekki stöðu þess málaflokks. Einhliða ákvörðun ríkisvaldsins af þessu tagi er í andstöðu við það formlega samráðsferli ríkis og sveitarfélaga sem hefur þróast á undanförunum árum og fela áform þessi í sér algeran trúnaðarbræst gagnvart sveitarfélögunum í landinu. Ekki getur með nokkrum hætti talist eðlilegt að áhersla á að bæta afkomu ríkissjóðs skili sér í skerðingum á tekjum sveitarfélaganna, sem standa undir mjög stórum hluta almannaþjónustu í landinu.

Þess er krafist að áform um skerðingu tekna jöfnunarsjóðs verði afnumin þegar í stað.

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri